

---

## Stækkun á bleikjueldi í landi Botna í Meðallandi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### Inngangur

Þann 21. febrúar 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Lindarfiski ehf um fyrirhugaða stækkun á bleikjueldi í landi Botna í Meðallandi, Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 13.02 og 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skaftárhrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### Gögn lögð fram

**Tilkynning:** Tilkynningarskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum, skv. lið 13.02. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Lindarfiskur ehf, febrúar 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Skaftárhreppi með bréfi dags. 10. maí 2017
- Fiskistofu með bréfi dags. 5. maí 2017
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 5. apríl 2017
- Matvælastofnun með bréfi dags. 26. apríl 2017
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 24. apríl 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. apríl 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 21. og 28. júní 2017.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Lindarfiskur framleiði 20 tonn af bleikju á ári. Seiðaeldi sé staðsett í 40 feta gámi (um 28 m<sup>2</sup>) með einni 4 tommu vatnslögn beint úr lokaðri sjálfrennandi lind. Að seiðaeldi loknu sé fiskurinn alinn í áframeldisstöð þar sem matfiskur sé alinn í trefjaplastkerum og eldisrennum. Eldisrými sé alls 516 m<sup>3</sup> og vatnspörf um 100 l/s. Fram kemur að eldisvatn sé leitt úr lokaðri sjálfrennandi lind í 1.000 mm víðri lögn, með getu upp á 300 l/s, og til vara sé önnur 800 mm varalögn sem leiði vatn til stöðvarinnar í neyðartilvikum.

Fram kemur að fyrirhugað sé að auka ársframleiðslu á bleikju í 300 tonn. Til þess þurfi annars vegar að reisa nýtt seiðaeldishús og hins vegar að stækka núverandi eldisrými fyrir áframeldi á bleikju. Byggt verði nýtt mannvirki fyrir seiðaeldið, 120 m<sup>2</sup> að stærð, um 1 km sunnan við áframeldisstöðina og verði fellt inn í landslagið. Slóði liggi frá áframeldisstöð að þeim stað sem fyrirhugað seiðaeldishús verður staðsett og gert sé ráð fyrir að hann verði byggður upp. Til að auka eldisrými vegna áframeldis verði nýtt hús reist og steiptum rennum fjölgað. Ekki verði þörf á að breyta fyrirkomulagi á vatnsöflun.

Fram kemur að stór hluti af framkvæmdinni sé gerð fráveituskurða með settjörnum, bæði í seiða- og áframeldinu, þar sem fastur lífrænn úrgangur frá eldinu verði felldur út áður en frárennsli nái viðtakanum, Eldvatni. Skurðirnir verði gerðir með þeim hætti að tæma megi þá reglulega. Í



fráveitunni verði komið fyrir netum við settjarnir svo ekki verði hætt á að eldisfiskur sleppi í viðtakann í gegnum fráveituskurðinn í áframeldinu.

## Umhverfisáhrif

Í greinargerð Lindarfisks er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á vatnsnotkun, villta fiska og viðtaka fráveitu.

### Vatnsnotkun

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirkomulag á vatnsöflun vegna áframeldis verði með óbreyttu sniði. Gegnumstreymi vatns um eldistöðina aukist hins vegar úr 100 l/s í 200 l/s, en afkastageta núverandi vatnsöflunar verði óbreytt, 300 l/s.

Fram kemur að vatnspörf fyrir seiðaeldið verði að hámarki 30 l/s en lindirnar gefi um 200 l/sek og verði vatn fyrir seiðaeldið tekið beint úr lindum nærri seiðaeldinu. Lagnir frá lindunum verði grafnar í jörðu og vatn leitt aftur í viðtakann í gegnum frárennisskurð að notkun lokinni. Í seiðaeldinu verði vatnið hitað upp með rafmagni sem framleitt sé í lítilli vatnsaflsvirkjun í eigu Botna. Vegna framleiðslu á seiðum verði þörf á að hita eldisvatn í 8°C, en vatnið verði kælt aftur niður í 4°C áður en því verði veitt út í viðtakann. Í áframeldinu verði ekki notað hitað vatn.

### Menningarminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að minjavörður hafi kannað viðkomandi svæði á vettvangi og þar hafi ekki fundist fornleifar. Stofnunin minnir á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt lögum um menningarminjar ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmdirnar.

### Viðtaki, mengunarvarnir og villtir fiskar

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að Eldvatn í Meðallandi sé viðtaki fyrir bæði áframeldið og seiðaeldið. Meðalársrennsli í Eldvatni sé 25-32 m<sup>3</sup>/s. Um sé að ræða lindarvatn sem á uppruna sinn að rekja til jökulvatnsins í Skaftá, sem renni undir Eldhraun og komi undan hrauninu sunnan við Botna sem lindarvatn.

Fram kemur að öllu vatni sem fari í gegnum áframeldið verði veitt í um kílómeters langan fráveituskurð. Fremst í skurðinum verði 2 metra djúp settjörn þar sem stærstu föstu agnirnar muni botnfalla. Settjörnin verði tæmd einu sinni á ári og oftar ef nauðsyn krefji. Um miðjan fráveituskurðinn verði hann 10 metra breiður til að hægja á vatnsstreyminu og auka botnfall lífrænna leyfa. Nálægt enda skurðarins verði byggð setþró, 12 x 5 metrar, með neti í innstreymi og útstreymi. Netin muni virka bæði sem vörn við slyasleppingum og að villtur fiskur komist að eldistöðinni. Með ofantöldum aðgerðum verði komið í veg fyrir að föst úrgangsefni berist í viðtakann og hægt verði að halda mengun innan viðmiðunarmarka um frárennsli í vatnsviðtaka.

Vegna seiðaeldisins verði gerður hefðbundinn mýrarskurður, um 600 m langur, sem veita muni frárennsli til Eldvatns. Fremst verði gerð settjörn, 1,5 m á dýpt og 2 m á breidd, þar sem stærstu lífrænu agnirnar muni falla niður. Gert sé ráð fyrir að settjörnin verði tæmd einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir.

Fram kemur að lyf verði ekki notuð í framleiðslunni en frá eldinu muni berast úrgangur frá eldisfiski, og óétið fóður. Setþrær og fráveituskurðir muni fella brott öll föst næringarefni og í setþróum muni ammoníakssölt og fosfór brotna niður fyrir tilstilli örvera. Við blöndun frárennslis í viðtaka verði lítið eftir að næringarefnum og ættu hvorki að mælask yfir viðmiðum í reglugerð um mengun, né sjást sem blómi í viðtakanum. Ef mengun verði yfir viðmiðum verði mögulegt að lengja og/eða breikka setþró, sjúga burt seyru eða útbúa mýri sem endastöð. Fram kemur að sláturúrgangur og fiskur sem drepist í eldinu verði notaður sem svínafóður og nýtt í meltu til áburðar.





Fram kemur að með ofangreindum ráðstöfunum ætti framleiðsluaukningin ekki að hafa í för með sé aukna mengun í viðtaka.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að framkvæmdin tengist vatnakerfi Eldvatns í Meðallandi sem sé þekkt sjóbirtingsá, en einnig veiðist þar lax og bleikja. Fiskistofa telur mikilvægt að leggja mat á það hvaða áhrif eldið geti haft á náttúruleg vistkerfi í nágrenni stöðvarinnar. Einnig sé mikilvægt að fiskar sleppi ekki úr stöðinni og tryggja verði að mannvirki séu hönnuð þannig að þau komi í veg fyrir þann möguleika. Að síðustu sé ekki lagt mat á magn uppleystra efna í affalli stöðvarinnar. Skýra þurfi hvernig mannvirkjum sem koma eigi í veg fyrir að fiskur berist úr stöðinni í Eldvatn verði háttað og sýna fram á að uppleyst næringarefni muni ekki hafa neikvæð áhrif í vistkerfi nærri stöðinni.

Fram kemur í svari framkvæmdaraðila að við hönnun mannvirkja sé horft bæði til forvarna vegna slysasleppinga og útfellingar á úrgangsgögnum í affalli. Varðandi slysasleppingar verði net við innstreymi í áframeldisstöð og einnig þar sem fráveituvatn streymi út úr stöðinni. Einnig verði tvö net í frárennisskurði á leið til viðtaka. Hvað uppleyst næringarefni í affalli varði sé ráðgert að frárennisskurðurinn verði um kílómetri að lengd og hann útbúinn settjörnum til þess að fella út föst næringarefni, sem tæmdar verði reglulega. Frá settjörnunum fari affallið yfir á svæði með lægri straumhraða og að lokum í endaþró með föstum botni þar sem síðustu agnirnar verði felldar út. Einu sinni á ári verði tekin sýni úr deilikassa í stöðinni og á þeim stað sem frárennsli fari í Eldvatn.

Fiskistofa gerði ekki frekari athugasemdir við erindi Lindarfisks og taldi skýringar framkvæmdaraðila fullnægjandi.

## Skipulag og leyfisveitingar

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur jafnframt samþykkt breytingu á deiliskipulagi svæðisins vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar en það er forsenda fyrir útgáfu leyfisveitinga til stækkunarinnar. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi frá Umhverfisstofnun á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Að auki er starfsemi háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um fiskeldi og rekstrarleyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þarf vegna starfsemi rekstrar sem tengist matvælastarfsemi.

## Niðurstaða

Um er að ræða framkvæmd sem felst í að auka ársframleiðslu Lindarfisks í landi Botna í Meðallandi á bleikju úr 20 tonnum í 300 tonn. Til þess verður reist nýtt seiðaeldishús og bætt við eldisrými til áframeldis á bleikju. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 og 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila verður reist 120 m<sup>2</sup> seiðaeldishús og til eldisins veitt vatni, um 30 l/s, úr nærliggjandi lindum með rennsli upp á 200 l/s. Frárennsli frá seiðaeldinu verður veitt um settjarnir og skurði til Eldvatns. Fjölgað verður steyptum eldisrennum í núverandi áframeldisstöð en vatnsrennsli um stöðina mun fara úr 100 l/s í 200 l/s. Aukningin er innan afkastagetu vatnsveitunnar í dag, sem er 300 l/s. Því verður ekki þörf á breyttri vatnstöku. Lífrænn úrgangur frá eldinu mun þó aukast frá því sem nú er.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði vegna aukinnar losunar næringarefna í Eldvatn, sem fylgir stækkun eldisins. Þungar lífrænar leifar frá seiðaeldi og



Viðtakinn Eldvatn er með meðalrennsli upp á 25-32 m<sup>3</sup>/s (25.000 til 32.000 l/s) en frárennsli frá eldinu verður um 200 l/s. Skipulagsstofnun telur líklegt að uppleyst næringarefni frá fiskeldinu muni þynnast hratt í Eldvatni og ekki sé líklegt að framkvæmdin muni hafa veruleg neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Ekki er líklegt að vatnstaka til seiðaeldisins, 30 l/s, muni hafa veruleg áhrif á vatnsrennsli í þeim læk sem vatnstökulindir mynda. Skipulagsstofnun telur að áfram verði viðunandi rennsli í læknum og því ólíklegt að lífríki hans verði fyrir veruleg áhrifum vegna framkvæmdarinnar.


Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila streymir vatn til áframeldisstöðvar og frá henni um net og einnig eru net í öllum eldiskerum. Skipulagsstofnun telur því vera óverulegar líkur á að eldisfiskur sleppi og nái að blandast við villta fiska.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Lindarfisks við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun á bleikjueldi í landi Botna í Meðallandi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. ágúst 2017.

Reykjavík, 4. júlí 2017

  
Sigurður Ásbjörnsson

  
Ómar Ingbórssón